

## Samþykkt um útgáfumál

Sjötta þing KÍ haldið 1. til 4. apríl 2014 felur stjórn KÍ að halda áfram að þróa starfsemi KÍ á sviði útgáfu- og kynningarmála. Þar verði sérstaklega horft til eftirfarandi þátta:

- Stofnað verði útgáfuráð KÍ og stjórn hvers aðildarfélags tilnefni í það 1 fulltrúa og einn til vara. Ráðið verði kallað saman minnst tvisvar á ári og hefur stefnumótandi og ráðleggjandi hlutverk í útgáfumálum. Útgáfustjórn Skólavörðunnar verði lögð niður.
- Öll upplýsingamiðlun til félagsmanna, verði aukin markviss og regluleg. Sérstaklega verði horft til rafræna miðla í þessu sambandi og útgáfu prentaðs efnis stillt í hóf.
- Unnið verði áfram að því að koma á kerfi til að sjá um rafrænar atkvæðagreiðslur og kannanir. Kerfið verði m.a. nýtt í þeim tilgangi að efla tengsl við félagsmenn.
- Haldið verði áfram að taka upp viðburði á vegum sambandsins og senda út í beinni útsendingu á netinu. Félagsmönnum verði gert kleift að hlaða niður áður fluttu efni.
- Kennarasambandið sé sýnilegt og virkt á samfélagsmiðlum og stuðli þar að umræðu meðal félagsmanna. Þing KÍ felur stjórn KÍ í samstarfi við útgáfusvið að móta áætlun um hvernig auka megi umræðu um menntamál í samfélaginu.
- Útgáfa Skólavörðunnar verði styrkt og miðað við að í blaðinu verði öflug umfjöllun um fagmál og kjaramál kennara. Útgáfa blaðsins verði að minnsta kosti tvö blöð á ári.
- Gerð verði könnun á þörf fyrir útgáfu *Handbókar fyrir kennara* (dagbókar).

### Greinargerð:

Útgáfuráð finni fjölbreyttar leiðir til að kynna störf kennara út á við. Útgáfuráð markar stefnu í útgáfumálum KÍ. Starfsmenn útgáfusviðs vinna náið með útgáfuráði. Mikilvægt er að leita til félagsmanna við efnisöflun.

Halda skal áfram að efla rafræna þjónustu við félagsmenn.

Í samræmi við ákvörðun fimmta þings KÍ hafa síðustu ár verið gefin út tvö tölublöð af Skólavörðunni á ári. Einnig var hafin útgáfa á Eplinu, rafrænu fréttabréfi KÍ, og nýr vefur KÍ tekinn í notkun. Sjötta þing KÍ felur útgáfuráði KÍ að nýta þá miðla sem eru til staðar og finna leiðir til að koma málefnum KÍ á framfæri í gegnum ljósvakamiðla og í samstarfi við aðra fjölmiðla.

Gefa skal Skólavörðuna út að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári en mælst er til að fjölga tölublöðum eftir því sem aðstæður leyfa. Hvatt er til að viðbótartölublað Skólavörðunnar verði gefið út árlega til allra landsmanna í stað „kálfs“ í Fréttablaðinu, t.d. í tengslum við Alþjóðadag kennara 5. október.